



*Stofnanasamningur milli Starfsgreinasambands
Íslands og Skógræktar ríkisins um forsendur
röðunar starfa við stofnunina*

**Stofnanaþamningur
milli Starfsgreinasambands Íslands og Skógræktar ríkisins
um forsendur röðunar starfa við stofnunina.**

Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og SGS, hins vegar, dags. 8.4.2004.

1 Gildissvið

Stofnanaþamningur þessi nær til allra starfsmanna hjá Skógrækt ríkisins sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi SGS, sbr. grein 11.1 í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og SGS hins vegar, dags. 8.4.2004.

2 Meginmarkmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- a. að launakerfið verði sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti og stuðli að jöfnun launa fyrir sambærileg störf án tillits til kynferðis,
- b. að launakerfið nýtist sem stjórntæki til að ná fram markmiðum stofnunarinnar,
- c. að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir framgang í starfi,
- d. að launakerfið opni fyrir þann möguleika að starfsmenn geti samið um að fastar greiðslur sem ekki eru hluti af grunnlaunum séu teknar inn í föst laun.

3 Starfaflokkun til launa og grunnröðun:

Grunnröðun starfa til launa skal vera eftirfarandi:

Lfl.

Starf A	1
Starf B.....	4
Starf C.....	5

Skilgreiningu á starfaflokkun þessari er að finna í fylgiskjali 1, með samningi þessum.

Röðun starfa innan starfa hér að framan er lágmarksröðun. Starfsmaður getur svo raðast hærra með hliðsjón af þeim þáttum sem tilteknir eru í gr 4 og gr. 5.

4 Annað sem áhrif getur haft á röðun starfa til launa

Starfsmat skal fara fram einu sinni á ári á samningstímanum og fyrir lok október ár hvert. Heimilt er að hækka starfsmann um allt að 4 launaflokka ef hann eða starfið uppfylla einhverjar að neðangreindum forsendum, þar sem 2 forsendur gefa 1 launaflokk.

G.V.
J.H. - J.D.

Stofnun sér um framkvæmd starfsmatsins í samráði við skógarvörð/yfirmann viðkomandi deildar. Samstarfsnefnd sker úr um ágreining sem kann að koma upp vegna framkvæmdar starfsmatsins.

1. Starfið felur í sér sérstaka ábyrgð
2. Starfið felur í sér flókin og/eða umfangsmikil verkefni
3. Starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining
4. Starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar og utan
5. Starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða tímabundið
6. Starfsmaður sinnir starfi á fleiri en einni starfsstöð
7. Starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi
8. Starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu
9. Starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi

Ennfremur er heimilt að taka mið að öðrum þáttum í starfi sem skipta máli fyrir deild/stofnun.

5 Mat á þáttum er varða starfsmann

Starfsmaður sem uppfyllir eftirfarandi þætti skal fá þá metna til allt að:.....	8
---	---

Vægi einstakra þátta:

Formleg menntun umfram grunnkröfur starfs allt að.....	2
--	---

Starfsmaður með eins til tveggja anna skipulegt nám sem nýtist í starfi.....	1
--	---

Starfsmaður með þriggja til fjögurra anna nám sem nýtist í starfi	1
---	---

Endur- og símenntun umfram grunnkröfur starfs allt að.....	3
--	---

Starfsmaður sem sótt hefur 40 kennslustunda námskeið sem nýtist í starfi	1
--	---

Starfsmaður sem sótt hefur 80 kennslustunda námskeið sem nýtist í starfi	1
--	---

Starfsmaður sem sótt hefur 120 kennslustunda námskeið sem nýtist í starfi	1
---	---

Starfsreynsla	3
---------------------	---

Starfsmaður með eins árs starfsreynslu hjá Skógrækt ríkisins	
--	--

eða í sambærilegu starfi.....	1
-------------------------------	---

Starfsmaður með þriggja ára starfsreynslu hjá Skógrækt ríkisins	
---	--

eða í sambærilegu starfi.....	1
-------------------------------	---

Starfsmaður með sex ára starfsreynslu hjá Skógrækt ríkisins	
---	--

eða í sambærilegu starfi.....	1
-------------------------------	---

Samstarfsnefnd setur nánari reglur um mat á viðbótarmenntun og skilyrði fyrir launahækkunum vegna viðbótarmenntunar.



6 Réttur til endurmats á röðun starfs

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. gr. 11.3.

7 Endurskoðun

Endurskoða skal samninginn sbr. gr. 11.4 í kjarasamnings SGS og fjármálaráðherra. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það.

Egilsstöðum 19.5.2004

f.h. Starfsgreinasambands Íslands

*Hæsteinn Þ Baldursson
Guðrún Ólafsdóttir*

f.h. Skógræktarríkisins

*SKÓGRÆKTAR RÍKISINS
Guðrún Ólafsdóttir*

Fylgiskjal 1

Starfaflokkun hjá Skógrækt ríkisins með tilliti til launaröðunar.

Starf A

- Almennir starfsmenn sem náð hafa 18 ára aldri.

Starf B

- Starfsmaður sem vinnur við sérhæfð störf og/eða fjölbreytt störf s.s. skógarhöggismaður, matráðar, véla-og tækjamenn.

Starf C

- Flokksstjóri sem stýrir vinnuhóp á vinnusvæði, hefur umsjón með minni verkefnum í samráði við yfirmann. Getur annast skráningu og skýrsluhald.



Bókun 1

Aðilar eru sammála um að ljúka starfsmati skv, 4 gr. samningsins fyrir 15 júní 2004

NAB
GV.
J.H.
BQ